



Fundargerð umdæmisstjórnarfundar nr. 1 Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldinn að Bíldshöfða 12, Reykjavík, laugardaginn 1. október 2016 kl. 12.

Dagskrá:

1. Fundur settur – kynning fundarmanna
2. Afhending skipunarbréfa
3. Skýrsla umdæmisstjóra
4. Skýrsla umdæmisritara
5. Kjörumdæmisstjóri áherslur og væntingar
6. Væntingar svæðisstjóra og spurningar
7. Óskar Guðjónsson varaforseti KI-EF kynnir breytingartillögur á lögum KI, KI-EF

umdæmisins.

8. Skýrsla Fræðslunefndar, Guðlaugur Kristjánsson
9. K – dagsnefnd Gylfi Ingvarsson formaður
10. Önnur mál
11. Fundarslit

Mættir: Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri, Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri, tengiliður gagnagrunns KI og formaður stefnumótunarnefndar, Gunnsteinn Björnsson fráfarandi umdæmisstjóri og formaður kynningar- og markaðsnefndar, Eyþór Einarsson verðandi kjörumdæmisstjóri, Magnús Helgason umdæmisfóhvirðir, Jóhannes Kristján Guðlaugsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Sámal Bláhamar svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Benedikt Kristjánsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Emilía Dóra Guðbjartsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Ólafur Jónsson formaður hjálmanefndar, Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar, Óskar Guðjónsson formaður laganefndar og tengiliður við Einherja, Styrktarsjóður KI-EF og varaforseti Evrópu KIEF, Sigurður R. Pétursson formaður Styrktarsjóðs, Kristján G Jóhannsson formaður fjárhagsnefndar, Guðlaugur Kristjánsson formaður fræðslunefndar, Stefán Brandur Jónsson internetnefnd, Diðrik Haraldsson formaður ferðanefndar, Björn Baldvinsson ferðanefnd, Gunnlaugur Gunnlaugsson Básun og Sigurður Einar Sigurðsson umdæmisritari sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Andrés K Hjaltason formaður Tryggingarsjóðs, Kristinn Örn Jónsson formaður þingnefndar, Tómas Sveinsson formaður internetnefndar.

1. Fundur settur

Haukur Sveinbjörnsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna og að kynna sig. Að því loknu kynnti hann dagskrá umdæmisstjórnarskipta um kvöldið.



2. Afhending skipunarbréfa

Skipunarbréf verða afhent síðar og er liðnum frestað.

3. Skýrsla umdæmisstjóra

Haukur Sveinbjörnsson kynnti skýrslu sína og sagði stuttlega frá henni. Ræddi hann að OLÍS/ÓB lykillinn og að það hefði safnast hefði rúmlega 400.000 kr til Kiwanisumdæmisins. Tók hann sérstaklega fram að haldin yrði Markaðs- og kynningarráðstefna 12. nóvember á Vesturlandi. Staðsetning er ekki fullráðin en verður auglýst síðar með bréfi til klúbba. Verða klúbbar beðnir að senda einn til tvo fulltrúa á ráðstefnuna.

4. Skýrsla umdæmisritara

Sigurður Einar Sigurðsson kynnti helstu atriði úr skýrslu sinni, áherslur og hvernig staðið hefur verið að þjálfun umdæmisritara. Bæta þarf þjálfun umdæmisritara á stjórnkerfi Kiwanis International á netinu, en þar hefur engin þjálfun átt sér stað. Nefndi umdæmisritari að hann hefði farið í þjálfun til Prag Tékkland í 29. – 30. janúar og á Evrópuþing í Villach Austurríki 27. – 29. maí með vösku kiwanisfólki.

5. Kjörumdæmisstjóri áherslur og væntingar

Konráð Konráðsson kynnti helstu atriði úr skýrslu sinni og áherslur en hann ætlar að vera sýnilegur sem kjörumdæmisstjóri. Kynnti hann að Magnús Helgason núverandi umdæmisféhirðir yrði sinn féhirðir og Emelía Dóra Guðbjartsdóttir núverandi svæðisstjóri Ægissvæðis yrði sinn umdæmisritari. Talaði hann um að kiwanisfræðslan þyrfti að þróast og þroskast.

6. Væntingar svæðisstjóra og spurningar

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, svæðisstjóri Ægissvæðis kynnti sig og áherslur sínar og nefndi að við þyrftum að vera sýnileg.

Jóhann V. Sveinbjörnsson, svæðisstjóri Sögusvæðis kynnti sig og áherslur sínar. Nefndi hann að í sínum klúbba væri 80-100% mæting sem næðist með því að nota netið. Hafði heimaklúbbur hans í mörg ár skipst á að halda fundi með Kiwanisklúbbum Gullfoss þegar hann var til. Með því lengdu þeir líf Gullfoss í mörg ár en hann hætti vegna aldurs meðlima.



Svæðisstjóri Freyjusvæðis, Jóhannes Kristján Guðlaugsson kynnti sig og áherslur sínar.

Nefndi hann að hann ætli að vera með þrjá svæðisráðsfundi og hafa gaman saman.

Svæðisstjóri Óðinssvæðis, Benedikt Kristjánsson kynnti sig og áherslur sínar. Nefndi hann að hann væri búinn að gera lokaðan hóp fyrir stjórn Óðinssvæðis. Gera þarf starfið skemmtilegt svo félagafjölgun verði. Benedikt ræddi kynningar- og markaðsnefnd og vildi vita hvort hún ætlaði að að ráða alfarið stefnumörkun umdæmisins. Skoðun Benedikts er að það sé dýrt fyrir ungt fólk undir fertugu að ganga í Kiwanis og sé það hluti að því seint gangi með fjölgun í Kiwanis. Stjórnarskipti í Óðinssvæði verða dagana 14. og 15. október.

Økisstjóri / Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Sámal Bláhamar kynnti sig og áherslur sínar. Sagði hann frá stóru verkefni sem kallast Kiwanisdúkkan og hófst með fjölmönnum blaðamannafundi í Kiwanishúsinu Þórshöfn. Sagði hann frá fjölskyldu sinni og kiwanisstarfi í Færeyjum. Ennfremur er í fyrsta skipti svæðisritari Økiskrivari sem er hún Karin Jacobsen Kiwanisklúbbum Rósan og verður hún jafnframt kjörsvæðisstjóri/ Komandi Økisstjóri Færeyja.

7. Óskar Guðjónsson varaforseti KI-EF kynnir breytingartillögur á lögum

Helstu lagabreytingar er að Evrópa verði dótturfélag og borgi gjald til KI fyrir notkun á vörumerki (logo) KI. Ýmsar umræður eru í KI og KI-EF um að féhirðir geti setið í fjárhagsnefnd en það hefur ekki enn verið samþykkt. Nefndi Óskar að gera þarf reglugerð um svæðisverklag og sagði að umdæmisstjórn þyrfti að setja nefnd í málið og væri hann með nöfn í hana.

8. Skýrsla Fræðslunefndar Guðlaugur Kristjánsson

Guðlaugur formaður fræðslunefndar fór yfir skýrslu sína og nefndi að hann væri vottaður af KI eftir að hafa tekið próf hjá þeim í sex tíma og staðist TT vottun (Certified Trainer KIE). Nefndi hann að honum stæði til boðs að fara í enn frekari nám á vegum KI. Í fræðslunefnd eru Konráð Konráðsson, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Stefán R. Jónsson.



9. K-dagsnefnd

Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar fór yfir starf nefndarinnar og þakkar núverandi og fyrrverandi umdæmisstjórnnum. Leyfi er fyrir söfnuninni 1. – 10. Október. Hann sagði að það stæðu öflugir styrktaraðilar með kiwanishreyfingunni að söfnuninni en það eru OLÍS og BYKO. Lyklar yrðu afhentir frá kl 11.00 og vonast hann eftir því að fundarmenn aðstoði við að koma lyklunum til klúbbanna. Söfnunarnúmer er 908 1550 og þá færu 2000 kr á símareikninginn og yrði númerið opið allan október. Nefndi hann ánægjulega heimsókn til Guðna Th. Jóhannessonar forseta Íslands degi áður með umdæmistjóra og kjörumdæmisstjóra. Hvatti hann félagi til að senda póst á fyrirtæki um að styrkja söfnunina. Hægt er að greiða með korti, peningum og síma. Gott væri að benda sölufólki á hlusta á þegar símanúmer er notað til að heyra rödd þakka fyrir. Gylfi bað félagi um hugleiða um að biðja styrktarsjóði klúbba um að kaupa rest af lyklum ef einhverjir yrðu.

10. Önnur mál.

Stefán Brandur Jónsson kynnti hugmyndir um að umdæmið og klúbbar fengu frían aðgang hjá Microsoft að gagnaplássi. Eitt Terrabit gagnageymsla, Office pakki og Kiwanispóstföng yrðu keyrð í gegnum kerfi þeirra en non profit hreyfingar fá slíkan aðgang. Sýndi hann hvernig slíkur aðgangur virki. Stefán telur að svona aðgangur myndi auka gagnvirkni hjá klúbbum og umdæmi. Að endingu minnti hann Sigurð formann styrktarsjóðs á að hann hefði á þinginu í Vestmanneyjum boðist til að setja upp fría vefverslun til umdæmisins og að hann væri til að gefa frítt bókunarkerfi fyrir Kiwanissalinn Bíldshöfða. Leist fundarmönnum vel á framkomnar hugmyndir.

Regin Strömsten fráfarandi svæðisstjóri Færeyja færði fráfarandi og núverandi umdæmisstjórum Kiwanisdúkku sem þeir færðu sjúkrahúsinu í Færeyjum og Dugni framleiðir.

Gunnsteinn Björnsson formaður kynningar- og markaðsnefndar kynnti komandi ráðstefnu. Bréf verður sent til allra klúbba um undirbúning ráðstefnunnar. Verða allir klúbbar beðnir að undirbúa sig fyrir fundinn með góðum hugmyndum. Ekki standi til að nefndin ákveði hvað um verði rætt, en það virðist vera einhver misskilningur þar um.



Eyþór Einarsson verðandi kjörumdæmisstjóri nefndi að aldrei væri dýrt að vera í Kiwanis, ef menn hafi áhuga starfinu. KI vinnur gott starf á alþjóðavísu t.d í samstarfi við UNICEF og ýmsum góðum samfélagslegum verkefnum. Klúbbar eru í dag að halda fundi á netinu og eru ýmsir möguleikar á fundartímum. Eyþóri líst vel á að vera í samstarfi við Microsoft og myndi það spara fyrir umdæmið.

Björn Baldvinsson í ferðanefnd kynnti 13 daga ferð til Frakklands sem hefst í Normandí og endar á heimspingi KI og Evrópuþing KI-EF í París dagana 13. – 16. júlí 2017.

Sámal Bláhamar sýndi hvernig teiknað er á Kiwanisdukkann og nefndi að það væru 10 stykki í kassa. Þakkaði hann Kiwanisklúbbum Kötlu fyrir að hafa kynnt Færeyingum fyrir á sínum tíma fyrir þessu verkefni sem gleður veik börn á sjúkrahúsum.

Ólafur Jónsson formaður hjálmanefndar sagði frá fundi með Eimskip. Eimskip er búið að leggja 550 milljónir frá upphafi verkefnisins og næsta ár 40 milljónir. Fékk Silja vöruhússtjóri og Eimskip viðurkenningar frá kiwanisumdæminu. Það Ólafur svæðisstjóra að vera búnir að skipa hjálmatengla fyrir 10. október.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir talaði um unga fólkið í hreyfingunni og að ekki skyldi gera lítið úr eldri félögum sem eru burðarás Kiwanis.

Sigurður R. Pétursson formaður styrktarsjóðs ræddi um jákvæða orku félaga í dag sem hann fyndi fyrir. Það væri langt síðan að hann hafi fundið fyrir því. Styrktarsjóður þarf að vera sýnilegur og þyrfti að koma inn í fræðsluna hlutverk hans.

Guðlaugur Kristjánsson talaði um innra starf klúbba og nefndi hvað Eldey væri öflugur klúbbur í dag með sjö nýja félaga. Það ætti í lok október að hafa „októberfest“. Vilja nýju félagarnar að fyrir ágóða séu ráðnir skemmtilegir ræðumenn.

Gunnlaugur Gunnlaugur ræddi um ferð sýna til Færeyja og hugmyndir þær sem höfðu verið viðraðar þar um umdæmisþing 2021, sem gæti verið haldið í Norrænu.



Kiwaniis[®]

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

11. Fundarslit

Haukur Sveinbjörnsson þakkaði góðan fund og bað félagi að vera mætir kl 18.45 um kvöldið og sleit svo fundi 15.00.

Fundargerð ritaði

Sigurður Einar Sigurðsson
umdæmisritari